

Þriðjudaginn 28. september 1982.

Nr. 151/1980. **Sigurður Eggertsson**

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Guðmundi Rósmundssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Verksamningur. Tilboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. september 1980. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 7.786.91 krónu með 35% ársvöxtum frá 1. nóvember 1979 til 1. október 1980, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Skjal það, sem áfrýjandi ritaði og fékk stefnda í hendur, um kostnað við að steypa sökkla undir fyrirhugaða veiðarfærageymslu var að efni og útliti ekki svo úr garði gert, að stefnda væri rétt að skilja það sem bindandi tilboð áfrýjanda um að vinna verkið fyrir tiltekið verð. Hefur stefndi ekki sannað, að skjal þetta hafi verið annað en áætlun áfrýjanda um væntanlegan smíðakostnað.

Áfrýjandi hefur sjálfur greint svo frá, að kostnaðaráætlun sína hafi hann miðað við þann tíma, sem honum hafi virst, að ganga mundi til verksins. Hann veitti stefnda ekki ástæðu til að ætla, að hann mundi reikna sér endurgjald fyrir verkið eftir öðrum aðferðum en beitt var við gerð verðáætlunarinnar. Þykir því mega við það miða, að í skiptum aðilja hafi verið gengið út frá því, að stefnda bæri að greiða fyrir verk-

ið samkvæmt kostnaðarreikningum áfrýjanda miðuðum við þann tíma, sem til verksins gengi.

Af hendi áfrýjanda eru engin gögn komin fram um það, hvert endurgjald honum beri fyrir verkið, reiknað á framangreindum grundvelli. Er þá rétt, eins og á stendur, að miða við, að kostnaður við verkið hafi ekki farið fram úr áætlun hans. Þar sem stefndi hefur enn fremur viðurkennt fyrir Hæstarétti, að liðurinn „járn“ í áætlun áfrýjanda eigi við vinnu við járnbindingar, ber að staðfesta héraðsdóminn, sem ekki hefur verið gagnáfrýjað, að öðru leyti en tekur til ákvæða hans um vexti og málskostnað.

Ákvæði héraðsdóms um upphafstíma vaxta er ekki andmælt. Verða vextir af hinni dæmdu fjárhæð því ákveðnir 27% ársvextir frá 1. nóvember 1979 til 1. desember s. á., 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvextir frá þeim degi til 1. október 1980, en hæstu innlánsvextir, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags, svo sem í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 6.000.00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi flutti mál sitt sjálfur í héraði. Aðiljar gáfu báðir skýrslu fyrir dómi samkvæmt 115. gr. laga nr. 85/1936 hinn 5. maí 1980. Í þinghaldinu vék stefndi af dómþingi, meðan áfrýjandi gaf skýrslu sína. Var það fyrir sérstaka beiðni lögmanns áfrýjanda, Sigurðar Georgssonar héraðsdómslögmanns. Bar dómsformanni að vekja athygli stefnda sérstaklega á því, að honum væri ekki skylt að sinna þeirri beiðni, þar sem hana skorti lagagrundvöll.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Guðmundur Rósmundsson, greiði áfrýjanda, Sigurði K. Eggertssyni, 4.000.00 krónur með 27% ársvöxtum frá 1. nóvember 1979 til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim

degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 6.000.00 krónur í málskostnað i héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Bolungarvíkur 6. júní 1980.

I.

Ár 1980, föstudaginn 6. júní, var í bæjarþingi Bolungarvíkur, sem haldið var í skrifstofu embættisins af Halldóri Kristinssyni bæjarfógeta ásamt meðdómsmönnum Stefáni Veturliðasyni tæknifræðingi og Ólafi Diðrikssyni múrarmeistara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1/1980: Sigurður K. Eggertsson gegn Guðmundi Rósmundssyni.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 21. mars 1980 og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 5. maí 1980, er höfðað með stefnu, birtri 15. mars 1980, af Sigurði K. Eggertssyni, Túngötu 5, Ísafirði, gegn Guðmundi Rósmundssyni, Skólastíg 11, Bolungarvík.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 778.691 auk 4.5% dráttarvaxta á mánuði fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. nóvember 1979 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi gerir þá kröfu aðallega, að honum verði einungis gert að greiða stefnanda kr. 900.000 að frádregnum framlögðum reikningum að fjárhæð kr. 248.518 og inngreiðslu kr. 500.000, eða kr. 151.482. Til vara krefst stefndi, að honum verði gert að greiða stefnanda fyrir umstefnt verk fjárhæð, sem dómurinn telur hæfilega miðað við tímavinnu, að frádreginni inngreiddri fjárhæð, kr. 500.000. Í báðum tilvikum er krafist greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnanda.

II.

Haustið 1979 kom stefndi að máli við stefnanda og fór þess á leit, að hann reisti fyrir sig grunn undir einingahús, sem hann

hugðist byggja. Stefnandi tók verkið að sér. Stefnandi hafði sjálfur aflað sér eininganna og ýmislegs, sem til þurfti. Stefnandi ritaði niður á blað (dskj. nr. 11) upplýsingar um efni, sem hann taldi, að með þurfti, og tölur um kostnað. Þar segir m. a.:

„ 26 stangir 12 mm
 100 stangir 8 mm
 32 stikki víraklemmur 1/2”
 saumur 2 p 3” 4p 2½”

uppsláttur	530.000.-
járn	220.000.-
steypa	80.000.-“
„Tengi ca 700 st. 100/- 70000“	

Í skýrslu sinni, sem stefnandi gaf fyrir dóminum, heldur hann því fram, að upplýsingar þær, sem fram koma á dskj. nr. 11, hafi verið áætlun sín um það efni, sem kaupa þurfti, og kostnað við vinnu þá, sem hann þurfti að inna af hendi. Áætlunin hafi verið byggð á teikningu og samanburði við önnur hliðstæð verk. Miðaði hann við þann tíma, sem honum virtist verkið mundi taka. Stefnandi segir stefnda hafa tekið skýrt fram, að hann vildi enga tímavinnu, og segist hafa skilið þau ummæli á þann veg, að stefndi treysti ekki, að verkinu mundi miða svo sem æskilegt væri, ef tímavinna yrði lögð til grundvallar. Stefnandi segist því hafa litið svo á, að hann fengi greitt fyrir verkið samkvæmt uppmælingu og í eitt af þeim þremur eða fjórum skiptum, sem þeir ræddu saman, áður en hann hófst handa við verkið, orðað það við stefnda, að hann tæki fyrir verkið samkvæmt uppmælingu, og hefði stefndi ekki hreyft mótmælum við því. Hann hafi því litið svo á, að stefndi væri því samþykkur.

Stefndi heldur því fram, að á hafi komist samningur þess efnis, að stefnandi tæki verkið að sér fyrir kr. 900.000. Þar hafi verið reiknað með, að stefnandi legði til allt efni, sem upp á vantaði, og þá vinnu, sem til þurfti. Stefnandi segist hafa haft sér til ráðuneytis Kristján G. Eggertsson smið og borið undir hann þær tölur, er fram hafi komið og er að finna á dskj. nr. 11. Kristján hafi sagt, að vinna fyrir uppslátt, kr. 530.000, hafi að sínu mati verið talin kr. 100.000 of há, en hann hafi eigi að síður ráðlagt sér að fallast á þá fjárhæð fyrir uppsláttinn til þess að missa ekki af stefnanda sem verktaka. Að öðrum kosti gæti orðið erfitt að fá verkið unnið, eins fljótt og æskilegt væri fyrir

stefnda. Ekki segir stefndi Kristján hafa verið viðstaddan samningsgerðina, heldur hafi hann farið á fund hans með dskj. nr. 11 og borið það undir hann.

Stefndi heldur því fram, að þær kr. 220.000, sem getið er á dskj. nr. 11, hafi verið varðandi efni eingöngu. Járnavinna hafi verið innifalin í kr. 530.000. Þegar verkið stóð yfir, segir stefndi Ólaf Egilsson, starfsmann stefnanda, hafa komið á sinn fund og tjáð sér, að stæði á járninu. Stefnandi hafi þá verið í Reykjavík. Til þess að verkið tefðist ekki, segist stefndi hafa farið á stúfana og náð í efnið. Ekki segist stefndi hafa reynt að ná til stefnanda í Reykjavík, áður en hann gerði kaup þessi, en reikninga fyrir efnið (dskj. 12—16) greiddi stefndi sjálfur. Enn fremur greiddi hann reikning fyrir uppgröft (dskj. nr. 17). Stefndi segir stefnanda hafa beðið um það verk, en eigi að síður hafi hann greitt reikninginn án athugasemda. Stefndi kveður uppslætti hafa verið lokið 27. september, en lokið hafi verið við að steypa í mótin 3. október 1979. Að sögn stefnda varð fljótlega ljóst, að ágreiningur var milli aðiljanna um, hvort stefnandi hafi átt að leggja til efni, og hafi þeir nokkrum sinnum átt viðræður af því tilefni. Hins vegar hafi hann ekki séð kröfugerð stefnanda, byggða á uppmælingu, fyrr en með bréfi stefnanda, dags. 3. jan. sl.

Kristján G. Eggertsson kom fyrir dóminn sem vitni. Vitnið sagði afskipti sín af viðskiptum málsaðilja hafa verið með þeim hætti, að stefndi hafi komið til sín með dskj. nr. 11, sem hann sagði hafa að geyma tilboð frá stefnanda í verkið. Bað stefndi vitnið að segja álit sitt á því, hvort hann ætti að ganga að tilboðinu. Vitnið segist hafa ráðlagt stefnda það. Vitnið segist hafa miðað við, að liðurinn „járn 220.000.“ ætti við efni eingöngu, að öðrum kosti telji vitnið járnavinna of hátt metna. Hana hafi vitnið talið innifalda í liðnum „uppsláttur 530.000.“, enda sé vitnið vant því, að það komi í hlut húsasmiðsins að sjá um slíkt verk.

Í bréfi lögmanns stefnanda, dags. 4. febr. 1980, kemur fram eftirfarandi sundurliðun kröfugerðar stefnanda:

1. Uppmæling	kr. 804.942.-
2. Mælingagjöld	— 41.510.-
3. Járnavinna (800 kg. per kr. 200.-)	— 160.000.-
4. Steypuvinna	— 110.839.-
5. Breiðfjörðstengi	— 58.200.-

6. Leiga á vinklum, vibrator og timbri kr. 103.200.-

kr. 1.278.691.-

7. Frá dregst greiðsla um mán.mót sept./okt. — 500.000.-

Eftirstöðvar 778.691.-“

III.

Í máli þessu liggur fyrir, að aðiljar þess gerðu á sínum tíma samning um, að stefnandi reisti sökkla undir einingahús fyrir stefnda. Við samningsgerðina var fjallað um greiðslu fyrir verkið, og stefnandi setti niður á blað tölur um kostnaðinn. Í skýrslu sinni fyrir dóminum upplýsti stefnandi, að við áætlun þá, sem hann segir tölurnar eiga við, hafi hann byggt á teikningu og samanburði við önnur hliðstæð verk og miðað við þann tíma, sem honum virtist verkið mundi taka. Það er því ljóst, að stefnandi hefur í útreikningum sínum ekki miðað við uppmælingu, enda skeikar töluverðu þar á milli, og stefnanda var í lófa lagið að reikna kostnaðinn út af miklum mun meiri nákvæmni. Báðir aðiljar hafna því, að samið hafi verið um, að stefnandi tæki verkið að sér í tímavinnu. Það verður því að líta svo á, að stefnandi beri hallann af sönnunarskorti fyrir því, að útreikningar hans hafi ekki verið tilboð í verkið, sem stefndi hafi gengið að.

Samkvæmt þeim rökum, sem stefnandi byggir málflutning sinn á, var það ekki í hans verkahring að leggja til efni það, sem getið er um á dskj. nr. 11, að undanskildum tengjum. Andstætt þessu heldur stefndi því fram, að samkvæmt samningi máls-aðiljanna hafi efni þetta verið innifalið í samningsfjárhæðinni. Hann hafi greitt fyrir það til þess að koma í veg fyrir tafir á verkinu og vill því skuldajafna reikningum þeim, sem hann greiddi fyrir efni þetta, ásamt reikningi fyrir uppgröft við skuld sína við stefnanda. Í skýrslu stefnanda fyrir dóminum sagðist hann hafa áætlað vinnu kr. 830.000. Liðurinn „járn 222.000.-“ á því að hans mati við vinnu eingöngu. Ekki verður talið, að liður þessi sé óeðlilega hátt metinn, þegar fallist er á þá skoðun stefnda, að stefnandi hafi gert tilboð í verkið, enda ber dskj. nr. 11 ekki með sér, hvor aðiljanna hafi rétt fyrir sér að þessu leyti. Allir greindir reikningar (dskj. nr. 12—17) eru stílaðir á stefnda, og hann hefur greitt þá athugasemdalaust. Hann þykir því bera sönnunarbyrði fyrir því, að þau atvik séu fyrir hendi, að hann

eigi kröfurétt á hendur stefnanda vegna þeirra. Honum hefur ekki tekist þessi sönnun og ber hallann af því.

Úrslit máls þessa verður því samkvæmt framansögðu að miða við, að stefnandi hafi tekið verkið að sér fyrir fast verð, kr. 900.000, og að stefndi hafi ekki fært að því nægilegar sönnur, að skuldajafna megi reikningum þeim, sem hann hefur lagt fram í því skyni, við skuld hans við stefnanda.

Sú staðreynd, að gögn þau, sem stefnandi hefur lagt fram, gera ráð fyrir lægri fjárhæð fyrir járnavinnu en hann segist hafa gefið stefnda upp í upphafi, verður ekki virt á þann veg, að hann krefjist ekki allrar þeirrar fjárhæðar, sem hann á rétt á að mati dómsins, enda er heildarkrafa hans um hærri fjárhæð, og kröfugerð hans er reist á öðrum forsendum en málsúrslit miðast við.

Í samræmi við það, sem hér hefur verið rakið, er það álit dómsins, að stefnda beri að greiða stefnanda kr. 900.000 að frádreginni kr. 500.000 greiðslu, sem stefndi hefur þegar innt af hendi.

Þá hefur stefnandi krafist hæstu dráttarvaxta, 4.5% fyrir hvern byrjaðan mánuð, en stefndi hafnar vaxtagreiðslum af sinni hálfu með öllu í kröfugerð sinni. Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda í vexti 31% ársvexti frá 1. nóvember 1979 til 1. júní 1980 og 35% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Dómsuppsaga hefur dregist nokkuð vegna erfiðleika á að samrýma tíma dómenda.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Rósmundsson, greiði stefnanda, Sigurði K. Eggertssyni, kr. 400.000 með 31% ársvöxtum frá 1. nóvember 1979 til 1. júní 1980 og 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.